

BOGFIMI SETRIÐ

Bogfimisetrið Ehf, Dugguvogi 2, 104 Reykjavík Vefsíða www.bogfimisetid.is

Vefsíðan okkar er í vinnslu. Við seljum bogfimibúnað frá öllum helstu bogfimiframleiðendum í heimi. Við sérþöntum einnig töluvert af vörum sem eru almennt komnar á 2-14 dögum eftir að er pantað.

Í bogfimi eru allir hlutir seldir í sitt hvoru lagi þannig að fólk getur raðað saman hlutum sem þeim finnst henta best eða sem peningarnir leyfa í hvert skipti. Það er líka mjög hentugt þegar maður er búinn að kaupa allann búnað af því að ef maður vill prófa eitthvað nýtt þá skiptir maður bara þeim hlut út en ekki öllum boganum.

Besta leiðin til að spara í bogfimi er að kaupa búnað sem er góður og endist lengi, í stað þess að kaupa sér ódýrann eða milliklassa búnað sem þarf að skipta oft út. (en svo er líka gaman að kaupa hitt og þetta til að prófa og leika sér með það).

BERBOGI það sem þarf að eiga:

Nauðsynlegir hlutir:

- Miðja (riser)
- Armar (limbs)
- Strengur (string)
- Strengnokk (string nock)
- Örvasæti (arrow rest)
- Berboga fingurhlíf (barebow tab)
- Armhlíf (armguard)
- Örvar (arrows)

Aukahlutir sem er gott að eiga:

- Örvamælir (quiver)
- Button (plunger/cushion/button)
- Bogataska (bowbag)
- Bogastand (bowstand)
- Bogastrengjari (bow stringer)

Verkfæri sem er gott að eiga fyrir bogfimi almennt:

- T mælistika (T-gauge)
- Sexkantasett (allen key set)
- Örvadragari (arrow puller)
- Brennari (burner)
- Nokk Töng (nock pliers)
- Strengjavax (string wax)
- Vax og lím fyrir odda og fjaðrir (vax and glue for arrow points and fletchings)

Svo eru til alskonar verkfæri, leiktæki og aukahlutir sem hægt er að bæta við. En þetta er í grunninni það sem tengist bogfimi er gott að kaupa í hverjum bogaflokki fyrir sig.

Við getum líka sett upp pakka fyrir þig miðað við verðið sem þú vilt eyða í boga, þannig að þú fáiir hámarks verð fyrir gæði.

HVAÐ ÞARF ÉG AÐ VITA TIL AÐ VELJA MÉR BOGA?

1. Þú þarft að vita sirka draglengdina þína (það er hægt að áætla það með því að mæla faðminn í tommum frá fingurgóm í fingurgóm og deila með 2,5)
2. Þú þarft að vita sirka hvaða þú getur dregið mikla dragþyngd þægilega.
3. Þú þarft að vera í Íþróttfélagi.

HVAÐ ÞARF ÉG AÐ GERA TIL AÐ EIGNAST BOGA?

Það eru lög um boga á Íslandi, í stuttu máli þarf einstaklingurinn að vera í Íþróttfélagi innan ÍSí og oftast veitir lögreglan ekki leyfið nema einstaklingurinn sé með hreint sakavottorð og 21 árs eða eldri (foreldrar verða að kaupa bogana fyrir börn sín svo að leyfi fáist). Bogfimisetrið sér um umsóknina um leyfið og allt sem þarf fyrir þá sem kaupa boga hjá Bogfimisetrinu, þú gengur í félag, kaupir boga og við gerum rest fyrir þig að kostnaðarlausu.

Þetta eru upplýsingar frá Ríkislögreglustjóra sem sér um þessi mál, síðan í Desember 2018. Sæll, reglurnar eru óbreyttar sbr. reglugerð nr. 787/1998 með síðari breytingum. Það þarf staðfestingu frá íþróttfélagi innan ÍSí

“Engum má selja boga, sbr. f. lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 nema með leyfi lögreglustjóra. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann ganga úr skugga um að kaupandi stundi æfingar eða keppni í bogfimi hjá íþróttfélagi sem er aðili að Íþróttasambandi Íslands.”

Engar undanþágur v/dragþyngdar.